

Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar

2014/EES/4/44

frá 5. júlí 2010

um áhættumat á annmörkum, sem koma í ljós við tæknilegt eftirlit á vegum (með atvinnuökutækjum), í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/30/EB

(2010/379/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,
með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 292. gr.,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í þágu umferðaröryggis, umhverfisverndar og sanngjarnrar samkeppni er mikilvægt að tryggja að atvinnuökutækjum í notkun sé viðhaldið og þau skoðuð á tilhlýðilegan hátt til að viðhalda öruggri frammistöðu þeirra þegar þau eru í umferð í Sambandinu.
- 2) Til viðbótar við staðlana og aðferðirnar, sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/30/EB frá 6. júní um tæknilegt eftirlit á vegum með aksturshæfni vöruflutningabifreiða í Bandalaginu ⁽¹⁾, skal innleiða leiðbeiningar til að meta annmarkana, sem tilgreindir eru í II. viðauka við þá tilskipun, í því skyni að koma á samræmdara kerfi og til að koma í veg fyrir ójafna meðferð við tæknilegt eftirlit á vegum.

- 3) Þrír flokkar skulu innleiddir til að endurspegla hversu alvarleg bilun er.
- 4) Í hverjum bilanaflokki skal lýsa afleiðingunum, sem af hljótast, ef ökutækið er notað í slíku ástandi.

SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:

Aðildarríkin skulu meta annmarka, sem koma í ljós við eftirlit á vegum með aksturshæfni ökutækis, í samræmi við leiðbeiningarnar sem settar eru fram í viðaukanum við þessi tilmæli.

Gjört í Brussel 5. júlí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Siim KALLAS

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 173, 8.7.2010, bls. 97. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 37, 30.6.2011, bls. 46.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 203, 10.8.2000, bls. 1.

VIÐAUKI

Leiðbeiningar við mat á ágöllum og annmörkum

Í þessu skjali eru leiðbeiningar, í tengslum við framkvæmd tilskipunar 2000/30/EB, sem mælt er með að aðildarríkin fylgi þegar þau meta ágalla, (skilgreindir bæði sem tæknilegir ágallar og önnur frávik), sem koma í ljós við tæknilegt vegaeftirlit með ökutækjum.

Ágallar eru flokkaðir á eftirfarandi hátt:

MINNI HÁTTAR ÁGALLAR (MiÁ)

MEIRI HÁTTAR ÁGALLAR (MeÁ)

HÆTTULEGIR ÁGALLAR (HÁ)

Hver ágallaflokkur skal skilgreindur með vísun í ástand ökutækisins, eins og hér segir:

MINNI HÁTTAR ÁGALLAR

Tæknilegir ágallar, sem hafa ekki marktæk áhrif á öryggi ökutækisins, ásamt öðrum minni háttar frávikum. Ekki þarf að skoða ökutækið aftur þar sem fastlega má gera ráð fyrir að ágallarnir, sem komu í ljós, verði lagfærðir án tafar.

MEIRI HÁTTAR ÁGALLAR

Ágallar, sem geta haft áhrif á öryggi ökutækis, og/eða stofnað öðrum vegfarendum í hættu ásamt öðrum alvarlegri frávikum. Gera verður við ökutækið, eins fljótt og unnt er, og frekari notkun þess getur verið háð takmörkunum og skilyrðum, t.d. að ökutækið sæti frekara eftirliti með aksturshæfni.

HÆTTULEGIR ÁGALLAR

Ágallar sem skapa beina og tafarlausu hættu fyrir umferðaröryggi. Frekari notkun ökutækisins á vegum er ekki leyfð, jafnvel þótt í sumum tilvikum sé leyfilegt við tilgreindar aðstæður að aka því beint á tiltekinn stað, t.d. vegna tafarlausrar viðgerðar eða þegar ökutækið er gert upptækt.

Ökutæki með ágalla, sem falla undir fleiri en einn ágallaflokk, skulu flokkuð samkvæmt alvarlegasta ágallanum. Setja má ökutæki, sem hefur marga ágalla í sama floknum, í næsta ágallaflokk fyrir ofan, ef samanlögð áhrif ágallanna gera ökutækið hættulegra en ella.

Það skal vera á ábyrgð skoðunarmanns, sem framkvæmir prófunina, að raða ágöllum, sem geta fallið undir fleiri en einn flokk, í flokka miðað við alvarleika þeirra í samræmi við landslögjöf.

Við mat á ágallanum skal taka tillit til krafna um gerðarviðurkenningu í tengslum við fyrstu skráningu eða fyrstu notkun. Engu að síður munu einhver atriði falla undir kröfur um ísetningu endurbótarhlutar.

Kröfur um mat

Annmarkar eru dæmi um tæknilega ágalla eða önnur frávik sem geta komið í ljós.

Atriði	Annmarkar	Leiðbeiningar við mat á ágalla		
		MiÁ	MeÁ	HÁ

1. HEMLABÚNAÐUR

1.1. Vélrænt ástand og virkni

1.1.1. Snúningsteinn aksturshemilsfetils/handfangs	a) Snúningsteinn of stífur.		X	
	b) Of mikið slit/hlaup.		X	
1.1.2. Ástand handfangs/fetils og færsla hemlastjórnbúnaðar	a) Of mikil eða lítil umframfærsla.		X	

Atriði	Annamarkar	Leiðbeiningar við mat á ágöllum		
		MiÁ	MeÁ	HÁ
	b) Hemlastjórnbúnaðurinn sleppir ekki á réttan hátt.	X	X	
	c) Hríúft yfirborð á hemlafetli vantar, er laust eða orðið slétt af sliti.	X		
1.1.3. Sogdæla eða þjappa og geymar	a) Ónógur loftþrýstingur/lofttæmi til að beita hemlinum a.m.k. tvisvar eftir að viðvörunarbúnaður hefur farið í gang (eða mælir sýnir að hættumörkum er náð).		X	X
	b) Tíminn sem það tekur að ná upp loftþrýstingi/lofttæmi að öruggu vinnslugildi er ekki í samræmi við kröfur ^(a) .		X	
	c) Fjölrása varloki eða þrýstiöryggisloki virkar ekki.		X	
	d) Loftleki veldur sýnilegu þrýstingsfalli eða loft heyrir streyma út.		X	
	e) Skemmdir á ytra byrði eru líklegar til að hafa áhrif á virkni hemlakerfisins.		X	X
1.1.4. Viðvörunarbúnaður eða mælir sem gefur til kynna of lágan þrýsting	Bilaður eða gallaður mælir eða visir.	X	X	
1.1.5. Handvirkur hemlastjórnlöki	a) Brotinn, skemmdur eða mikið slitinn stjórnbúnaður.		X	
	b) Stjórnbúnaður er ekki nógu vel festur við lokann eða lokinn er laus.		X	
	c) Tengingar eru lausar eða leki í kerfinu.		X	
	d) Ónóg virkni.		X	
1.1.6. Stöðuhemilshandfang eða -fetill, stöðuhemilsarmur, stöðuhemilshak, rafrænn stöðuhemill	a) Hak heldur ekki nægilega vel.		X	
	b) Of mikið slit á snúningsteini eða tannkambi.	X	X	
	c) Of mikil færsla á stöðuhemilsarmi sem bendir til rangrar stillingar.		X	
	d) Búnað vantar, hann er skemmdur eða óvirkur.		X	
	e) Röng virkni, viðvörunarbúnaður sýnir bilun.		X	
1.1.7. Lokar (hemlalokar, stjórnlökar, stillar)	a) Skaddaðir lokar eða of mikið loftútstreymi.		X	X
	b) Of mikil oliueyðsla í þjöppunni.	X		
	c) Ótrygg/ófullnægjandi festing á loka.		X	
	d) Vökvakerfisvökvi lekur.		X	X

Atriði	Annmarkar	Leiðbeiningar við mat á ágöllum		
		MiÁ	MeÁ	HÁ
1.1.8. Tengingar fyrir hemla eftirvagna (raf- og loftknúna)	a) Bilaður krani eða sjálflokandi loki.	X	X	
	b) Ótrygg/ófullnægjandi festing á krana eða loka.	X	X	
	c) Of mikill leki.		X	X
	d) Röng virkni.		X	X
1.1.9. Orkugeymir eða þrýstiloftsgeymir	a) Geymir er skaddaður, ryðgaður eða lekur.	X	X	
	b) Afrennslisbúnaður er óvirkur.	X	X	
	c) Ótrygg/ófullnægjandi festing á geymi.		X	
1.1.10. Hemlaaflliði, höfuðdæla (vökvakerfi)	a) Bilaður eða óvirkur aflliði.		X	
	b) Höfuðdælan er biluð eða lek.		X	X
	c) Höfuðdælan er ekki nægilega vel fest.		X	X
	d) Hemlavökvi er ekki nægur.	X	X	
	e) Lok á höfuðdælu vantar.	X		
	f) Gaumljós fyrir hemlavökva logar eða er bilað.	X		
	g) Viðvörunarbúnaður fyrir hemlavökva virkar ekki rétt.	X		
1.1.11. Hemlarör	a) Yfirvofandi hætta á bilun eða broti.		X	X
	b) Leki frá rörum eða tengingum.		X	X
	c) Rör eru skemmd eða mikið ryðguð.		X	X
	d) Rangar tengingar á rörum.	X	X	
1.1.12. Hemlslöngur	a) Yfirvofandi hætta á bilun eða broti.	X		X
	b) Slöngur eru skemmdar, slitnar, snúnar eða of stuttar.		X	X
	c) Leki frá slöngum eða tengingum.		X	X
	d) Slöngur þenjast út undir þrýstingi.		X	X
	e) Slöngur eru gropnar.		X	
1.1.13. Hemlaborðar og hemlaklossar	a) Mikið slit á borða eða klossum.		X	X
	b) Óhreinindi á borða eða klossum (olía, feiti o.s.frv.).		X	X
	c) Borða eða klossa vantar.			X

Atriði	Anmarkar	Leiðbeiningar við mat á ágöllum		
		MiÁ	MeÁ	HÁ
1.1.14. Hemlaskálar, hemladiskar	a) Mikið slit eða rispur, sprungur, brot eða lélegar festingar í skálum og diskum. b) Óhreinindi á skálum eða diskum (olía, feiti o.s.frv.). c) Skálar eða diska vantar. d) Festingarplata er laus.		X	X
1.1.15. Hemlaleiðslur, stangir, armar, tengingar	a) Leiðslur eru skemmdar eða með ójöfnum. b) Íhlutur er mikið slitinn eða ryðgaður. c) Tengingar við leiðslur eða stangir eru ótryggar. d) Bilun í leiðslustýringum. e) Stírðleiki í hemlakerfinu. f) Óeðlileg hreyfing á örmum eða tengingum sem bendir til rangrar stillingar eða slits.		X	X
1.1.16. Hemlastrokkar (m.a. gormhemlar eða vökvastrokkar)	a) Strokkar brotnir eða skemmdir. b) Strokkar lekir. c) Ótrygg/ófullnægjandi festing á strokkum. d) Strokkar mikið ryðgaðir. e) Of litil eða of mikil færsla á bullu eða blöðku. f) Rykvarnarhlíf vantar eða hún er mikið skemmd.		X	X
1.1.17. Hleðslustýrður hemlajöfnunarloki	a) Biluð tenging. b) Röng stilling tengingar. c) Loki fastur eða virkar ekki. d) Loka vantar. e) Gagnaplötu vantar. f) Gögn eru ólæsileg eða ekki í samræmi við kröfur ^(a) .		X	X
1.1.18. Stillibúnaður og -vísar	a) Stillibúnaður er skemmdur, fastur eða hreyfist óeðlilega, slit eða röng stilling. b) Stillibúnaður er bilaður.		X	X

Atriði	Annmarkar	Leiðbeiningar við mat á ágöllum		
		MiÁ	MeÁ	HÁ
	c) Rangt uppsettur eða skipt út.		X	
1.1.19. Hamlarakerfi (ef það er til staðar eða þess er krafist)	a) Ótryggar tengingar eða festingar.	X	X	
	b) Kerfi augljóslega bilað eða það vantar.		X	
1.1.20. Sjálfvirk beiting hemla eftirvagna	Hemlar eftirvagns eru ekki sjálfkrafa virkjaðir þegar tengið er aftengt.			X
1.1.21. Hemlakerfi í heild	a) Skemmdir að utan eða mikið ryð í öðrum kerfisbúnaði (t.d. dælu fyrir ísvara, loftþurrkunartæki o.s.frv.) sem hefur skaðleg áhrif á hemlakerfið.		X	X
	b) Loft eða ísvari leka.	X	X	
	c) Ótrygg/ófullnægjandi festing á ihlutum.		X	
	d) Röng viðgerð eða breytingar á einhverjum íhlut ⁽¹⁾ .		X	
1.1.22. Prófunartengi (ef þau eru uppsett eða þeirra krafist)	a) Vantar.		X	
	b) Sködduð, ónothæf eða lek.	X	X	
1.2. Afköst og skilvirkni aksturshemils				
1.2.1. Afköst(E) (9)	a) Ófullnægjandi hemlunaráttak á einu eða fleiri hjólum.		X	X
	b) Hemlunaráttak á einhverju hjóli er undir 70% af hámarksátaki sem er skráð á hinu hjólinu á sama ási. Við prófun á vegi vikur ökutækið verulega frá beinni stefnu.		X	X
	c) Hemlaáttak eykst ekki jafnt (tekur skarpt í).		X	
	d) Hemlunartími er óeðlilega langur á einhverju hjóli.		X	
	e) Miklar sveiflur í hemlunaráttaki í hverjum heilum snúningi hjólsins.		X	
1.2.2. Skilvirkni(E) ^(b)	Gefur ekki a.m.k. eftirfarandi lágmarkstölur: Flokkur N1: 45% Flokkar M1, M2 og M3: 50% ⁽²⁾ Flokkar N2 og N3: 43% ⁽³⁾ Flokkar O2, O3 og O4: 40% ⁽⁴⁾		X	X

Atriði	Anmarkar	Leiðbeiningar við mat á ágöllum		
		MiÁ	MeÁ	HÁ
1.3. Afköst og skilvirkni neyðarhemils (ef um sérstakt kerfi er að ræða)				
1.3.1. Afköst(E) ^(b)	<p>a) Ófullnægjandi hemlunaráttak á einu eða fleiri hjólum.</p> <p>b) Hemlunaráttak á einhverju hjóli er undir 70% af hámarksátaki sem er skráð á öðru hjóli á sama tilgreinda ási. Við prófun á vegi vikur ökutækið verulega frá beinni stefnu.</p> <p>c) Hemlaáttak eykst ekki jafnt (tekur skarpt í).</p>		X	X
1.3.2. Skilvirkni	Hemlunarhlutfall er minna en 50% ^(c) af afköstum aksturshemils, samkvæmt skilgreiningu í lið 1.2.2, miðað við leyfilegan hámarks massa eða, ef um er að ræða festivagna, summu leyfilegrar áshleðslu (að undanskildum L1e og L3e).		X	X
1.4. Afköst og skilvirkni stöðuhemils				
1.4.1. Afköst(E) (9)	Hemlar eru óvirkir öðru megin eða ökutækið vikur verulega frá beinni stefnu við prófun á vegi.		X	X
1.4.2. Skilvirkni(E) (9)	Að því er varðar öll ökutæki, er hemlunarhlutfall minna en 16%, miðað við leyfilegan hámarks massa, eða, að því er varðar vélknúin ökutæki, minna en 12%, miðað við leyfilegan, samanlagðan hámarks massa ökutækis, hvort sem reynist hærra.		X	X
1.5. Afköst hamlarakerfis	a) Áttak eykst ekki jafnt (á ekki við um útblásturshemlakerfi).		X	
	b) Kerfi virkar ekki.		X	
1.6. Læsivarið hemlakerfi (ABS)	<p>a) Viðvörunarbúnaður bilaður.</p> <p>b) Viðvörunarbúnaður sýnir bilun í kerfi.</p> <p>c) Hraðaskynjara við hjól vantar eða hann er skemmdur.</p> <p>d) Leiðslur skemmdar.</p> <p>e) Aðra íhluti vantar eða þeir eru skemmdir.</p>		X	
1.7. Rafrænt hemlakerfi (EBS)	<p>a) Viðvörunarbúnaður bilaður.</p> <p>b) Viðvörunarbúnaður sýnir bilun í kerfi.</p>		X	

Atriði	Annmarkar	Leiðbeiningar við mat á ágöllum		
		MiÁ	MeÁ	HÁ
8. ÓÞÆGINDI				
8.1. Hávaði				
8.1.1. Hávaðadeyfikerfi	<p>a) Hávaðastig hærra en leyft er samkvæmt kröfum ^(a).</p> <p>b) Einhver hluti hávaðadeyfikerfis er laus, líklegur til að detta af, skemmdur, settur rangt upp, vantar eða hefur augljóslega verið breytt þannig að það hefur óhagstæð áhrif á hávaðastig.</p>		X	X
8.2. Losun með útblæstri				
8.2.1. Losun frá bensínhreyfli				
8.2.1.1. Mengunarvarnarbúnaður	<p>a) Mengunarvarnarbúnaður, sem framleiðandi hefur komið fyrir, er ekki til staðar, hefur verið breytt eða er augljóslega bilaður.</p> <p>b) Leki sem hefði áhrif á mælingar á losun.</p>	X	X	X
8.2.1.2. Losun lofttegunda (E) ^(b)	<p>a) Annaðhvort er losun lofttegunda meiri en það magn sem framleiðandi gefur upp</p> <p>b) eða ef þessar upplýsingar liggja ekki fyrir, er losun kolsýrings meiri en</p> <p>i. fyrir ökutæki þar sem losun er ekki stjórnað með þróðu mengunarvarnarkerfi, — 4,5% eða — 3,5%, samkvæmt dagsetningu fyrstu skráningar eða notkun sem tilgreind er í kröfum ^(a),</p> <p>ii. fyrir ökutæki þar sem losun er stjórnað með þróðu mengunarvarnarkerfi, — í lausagangi: 0,5%, — í hröðum lausagangi: 0,3%, eða — í lausagangi: 0,3% ^(c), — í hröðum lausagangi: 0,2%, samkvæmt dagsetningu fyrstu skráningar eða notkun sem tilgreind er í kröfum ^(a).</p> <p>c) Lambda-gildið liggur utan sviðsins $1 \pm 0,03$ eða er ekki í samræmi við forskriftir framleiðanda.</p> <p>d) Aflestur úr innbyggðu greiningarkerfi gefur til kynna umtalsverða bilun.</p> <p>e) Fjarskynjunarmæling sýnir umtalsverð frávik frá kröfum.</p>		X	X

Atriði	Annmarkar	Leiðbeiningar við mat á ágöllum		
		MiÁ	MeÁ	HÁ
8.2.2. Losun frá dísilhreyfli				
8.2.2.1. Mengunarvarnarbúnaður	a) Mengunarvarnarbúnaður, sem framleiðandi hefur komið fyrir, er ekki til staðar eða augljóslega bilaður. b) Leki sem hefði áhrif á mælingar á losun.	X	X X	
8.2.2.2. Reykþéttni (E) (9) Ökutæki, sem eru skráð eða tekin í notkun fyrir 1. janúar 1980, eru undanþegin þessum kröfum.	a) Fyrir ökutæki, sem voru fyrst skráð eða tekin í notkun eftir dagsetningu sem tilgreind er í kröfum ^(a) ; reykþéttni er meiri en skráð er á plötu framleiðandans á ökutækinu. b) Þar sem þessar upplýsingar liggja ekki fyrir eða kröfur ^(a) heimila ekki notkun viðmiðunargilda fyrir hreyfla með innsogi: 2,5 m ⁻¹ , fyrir hreyfla með hverfþjöppu: 3,0 m ⁻¹ eða fyrir ökutæki, sem tilgreind eru í kröfum ^(a) , eða fyrst skráð eða tekin í notkun eftir þá dagsetningu sem tilgreind er í kröfum ^(a) , 1,5 m ⁻¹ ⁽⁷⁾ . c) Fjarskynjunarmæling sýnir umtalsverð frávik frá kröfum.		X X X	
8.4. Önnur umhverfistengd atriði				
8.4.1. Vökvaleki	Mikill leki á vökva sem er líklegur til að skaða umhverfið eða skapa hættu fyrir vegfarendur.		X	X

⁽¹⁾ Röng viðgerð eða breytingar merkja viðgerð eða breytingar sem hafa skaðleg áhrif á umferðaröryggi ökutækisins eða neikvæð áhrif á umhverfið.

⁽²⁾ 48% fyrir ökutæki, sem ekki eru búnin læsivörðu hemlakerfi, eða voru gerðarviðurkennd fyrir 1. október 1991.

⁽³⁾ 45% fyrir ökutæki, sem voru skráð eftir 1988, eða þann dag sem tilgreindur er í kröfum ef sá dagur er síðar.

⁽⁴⁾ 43% fyrir festivagna og tengivagna, sem voru skráðir eftir 1988, eða frá þeim degi sem tilgreindur er í kröfum og skal síðari dagurinn gilda.

⁽⁵⁾ Fyrir ökutæki í flokki N1, N2 og N3: 2,2 m/s².

⁽⁶⁾ Gerðarviðurkenndir í samræmi við viðmiðunarmörk, sem eru sett fram í línu A eða B í töflunni í lið 5.3.1.4 í I. viðauka við tilskipun ráðsins 70/220/EBE (Stjórn EB L 76, 6.4.1970, bls. 1), eða síðar eða fyrst skráðir eða teknir í notkun eftir 1. júlí 2002.

⁽⁷⁾ Gerðarviðurkenndir í samræmi við viðmiðunarmörk, sem eru sett fram í línu B í töflunni í lið 5.3.1.4 í I. viðauka við tilskipun ráðsins 70/220/EBE, eða síðar, línu B1, B2 eða C í lið 6.2.1 í I. viðauka við tilskipun ráðsins 88/77/EBE (Stjórn EB L 36, 9.2.1988, bls. 33), eða síðar eða fyrst skráðir eða teknir í notkun eftir 1. júlí 2008.

Athugasemdir:

^(a) Mælt er fyrir um „kröfur“ með gerðarviðurkenningarkröfum við samþykki, fyrstu skráningu eða þegar fyrst er tekið í notkun og jafnframt með skuldbindingum um ísetningu endurbótahluta eða landslögjóf skráningarlands.

^(b) (E) Prófunarbúnaður er krafist til að prófa þetta atriði.